



Nr.: GAT-115	Menntaskólinn í Kópavogi	
Útgáfa: 01		
Dags.: 13.02.2019		
Höfundur: GV		
Sampykkt: MF		
Síða 1 af 2	Áfangalýsing SAGA3CE05	

Búið til – útg.	26. september 2021
Námsgrein	Saga
Titill	Helförin
Skammstöfun	SAGA3CE05
Viðfangsefni	Gyðingaofsóknir nasista í seinni heimsstyrjöld
Staða áfanga	Sampykkt af skóla
Prep áfanga	3
Einingafjöldi áfanga	5
Lýsing áfanga	<p>Söguáfangi með námsferð til Póllands þar sem gist verður í 4 nætur Kraká. Farin verður dagsferð í Auschwitz og Schindlerssafnið verður skoðað ásamt öðrum sögulegum stöðum í Kraká.</p> <p>Helförin verður skoðuð frá ýmsum hliðum þar sem saga gyðingaofsókna í Evrópu verður sett í samhengi við uppgang nasismans í Þýskalandi. Farið verður yfir þróun borgaralegra réttinda gyðinga á millistríðsárunum og hvernig þau enduðu með þjóðarmorði. Sérstök áhersla verður á sögu gyðinga í Þýskalandi og Póllandi og hugmyndafræði nasismans sem verður rannsökuð ítarlega. Einnig verður farið yfir ofsóknir annara jaðarhópa í Þriðja ríkinu. Að endingu verður helförin sett í samhengi við þjóðernishreinsanir og flóttamannavandamál sem hafa átt sér stað síðan.</p> <p>Nemendur lesa valdar greinar frá kennara og horfa á viðtöl við eftirlifendur helfararinnar ásamt heimildamyndum.</p>
Forkröfur áfanga	Nemendur hafi lokið einum söguáfanga, SAGA2BA05 eða SAGA2BB05 og séu orðnir 18 ára fyrir 15. mars 2022.
Þekkingarviðmið	<p>Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:</p> <ul style="list-style-type: none"> • gyðingaofsóknum og örlögum gyðinga í seinni heimsstyrjöld og annara jaðarhópa í Þriðja ríkinu • sögu þýskra þjóðernissósíalista og hugmyndafræði þeirra • menningu og sögu Póllands í seinni heimsstyrjöld • sögu og starfsemi útrýmingabúðanna í Auschwitz

Nr.: GAT-115	Menntaskólinn í Kópavogi	
Útgáfa: 01		
Dags.: 13.02.2019		
Höfundur: GV		
Sampykkt: MF		
Síða 2 af 2	Áfangalýsing SAGA3CE05	

Leikniviðmið	<p>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:</p> <ul style="list-style-type: none"> • beita sjálfstæðum vinnubrögðum við öflun heimilda og úrvinnslu þeirra • tjá sig í ræðu og riti um efni áfangans, rökræða efnið og geta miðlað því á fjölbreyttan máta • skilgreina þau hugtök sem áfanginn fjallar um • greina áreiðanleika heimilda og upplýsinga sem er að finna um efnið • lesa fræðilega texta á íslensku og erlendum málum um efni áfangans
Hæfniviðmið	<p>Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</p> <ul style="list-style-type: none"> • skilgreina orsakir þessara voðaverka, gera sér grein fyrir afleiðingum þeirra bæði staðbundið og á heimsvísu • átta sig á hvers vegna leiðtogar og hópar hvetja til voðaverka gegn þjóðum, þjóðarbrotum og etnískum hópum • greina orsakir þess að stórbjóðir og alþjóðastofnanir eru oft svífaseinar og getulitlar í málum þeim sem áfanginn fjallar um.
Námsmat	Símatsáfangi án lokaprófs. Nemendur gera kynningu, rannsóknarskýrslu og ferðadagbók ásamt minni tímaverkefnum.